

Skólaráðsfundur 31. janúar 2024

Fundur haldinn á Teams

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Helga Guðný Sigurðardóttir og Fjóla Borg Svavarsdóttir fulltrúar foreldra, Sif Garðarsdóttir og Ragnheiður Gísladóttir fulltrúar kennara, Snorri Sævar Konráðsson fulltrúi starfsmanna.

1. Skóladagatal 2024-2025

Skipulagsdagur, óskir hafa verið undanfarin ár frá leikskólanum að hafa sameiginlegan dag á föstudegi milli annað hvort uppstigningardags eða annars fimmtudags frídags svo hægt sé að nýta þann dag í skipulagða starfsþróunarferð. Það er ekki svo í ár.

Skipulagsdagur 3. janúar, mikilvægur í skólastarfi Kársnesskóla og ekki vilji til að breyta honum. Skólaslit 10. júní 2025, erfitt að flýta.

Við skiptingu skólans í tvo nýja skóla um áramót 2024/25, er möguleiki á að skóladagatalið verði endurskoðað og þá lagt fyrir menntaráð, ef til þess kemur.

2. Foreldraviðtalsdagur 8. feb

Nemendastýrð viðtöl í annað sinn, jákvæð reynsla kennara af þessu fyrirkomulagi. Nemendum þótti þetta fyrirkomulag töluvert erfitt á síðasta skólaári þegar þetta var gert í fyrsta sinn, flestir vegna þess undirbúnings sem þeir þurftu að vinna fyrir viðtalið.

3. Áherslur næsta skólaárs

Gæði kennslustunda verður í forgrunni skólaárið 2024-25. Stjórnendur hefja undirbúning þeirrar vinnu á þessu skólaári og fara í innlit í kennslustundir og í framhaldi af því fer af stað undirbúningur stjórnenda og kennara við að rýna gæði kennslustunda og hvaða leiðir verða farnar að því úrbótaverkefni.

4. Nýir skólar

Undirbúningur við að skipta skólanum að hefjast enda að mörgu að hyggja. Undirbúningsnefnd verður sett á laggirnar innan skólans (kennarar og stjórnendur) en foreldrar og nemendur verða hafðir með í ráðum og vinnu. Að öllum líkindum verður auglýst eftir stjórnendum nýs yngri barna skóla fljótlega. Skólastjóri mun funda með foreldrafélagi fljótlega og mun vinna í samráði við skólaráð sömuleiðis og kalla ráðið oftár saman ef þess þarf.

Gert er ráð fyrir flutningum á milli bygginga á miðju skólaári þar sem yngsta stig fer í Skólagerði, miðstig flytur inn í aðalbyggingu og hluti elsta stigs í þær hallir sem verða áfram á Vallargerðisvelli. Þetta krefst mikils undirbúnings og krefst tíma fyrir allt starfsfólk.

Fyrirspurn; hvaða munu núverandi stjórnendur starfa? Dagmar fer í Skólagerði, Björg verður í Vallargerði en nú er verið að skoða óskir starfsmanna um hvar þeir vilja starfa við skólaskipti og það er hluti undirbúningsvinnunnar að setja starfsfólk á starfstöðvar, ráða starfsfólk og því um líkt.

5. Frá foreldrafélagi

Foreldrafélagið býður 7. – 10. bekk upp á fyrirlestur um að vera besta útgáfan af sjálfum sér.

Foreldrafélagið skorar á skólann að koma betra skikki á óskilamuni sem safnast upp í miklu magni. Skólinn tekur þeirri áskorun og reynir sem fyrr að koma óskilamunum út eins og hægt er.

6. Útskrift í 10. bekk

Hópurinn telur 80 nemendur og húsakostur skólans rúmar ekki þann fjölda ásamt forráðamönnum og starfsmönnum. Skólinn leigir Salinn í Kópavogi til útskriftarathafnar en býður mögulega upp á veitingar í skólanum.

Fundarritari: Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri